

## Ársfundur Fjár-og hjarðhundadeildar

var haldinn fimmtudaginn 19. mars 2015 kl 19:30 í húsnæði HRFÍ í Síðumúla

Á fundinn mættu 20 félagar. Úr stjórn mættu Hilmar Sigurgíslason, Svana Magnúsdóttir og Ingibjörg Ólafsdóttir. Jórunn boðaði forföll.

Formaður setti fund og tók að sér fundarstjórn og Svana Magnúsdóttir tók að sér að rita fundargerð.

Formaður flutti skýrslu stjórnar.

Svana fór yfir reikninga deildarinnar. En peningastaðan er góð til er 310.740 inn á reikningi.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um skýrslu og reikninga. Það á eftir að leiðrétta uppgjör frá deildarsýningu 2013. Þar sem sú leiðrétting kom í peningum frá HRFÍ leiðréttest það endanlega í næsta uppgjöri.

Fluttar voru skýrslur tengiliða,

Systa Atla flutti skýrslu Aussie.

Guðrún Sigurðard. Flutti skýrslu Border Collie,

Elín Lára flutti skýrslu Briard,

Lilja Dóra flutti skýrslu Shetland Sheepdog.

Aðrir tengiliðir voru ekki mættir, en höfðu sent inn skýrslur.

Elín Lára óskaði eftir að hætta sem tengiliður Briard, og eru henni þökkueð góð störf.

### Stjórnarkjör,

Hilmar og Jórunn eiga að ganga úr stjórn. Hilmar gaf kost á sér til endurkjörs. Dóttla gaf einnig kost á sér svo og Stella Sif. Hilmar var endurkjörin og Stella Sif hlaut kosningu, Við óskum við þeim til hamingju og bjóðum velkomin til starfa.

### Önnur mál.

Lilja Dóra spurði um tengiliði sem eru fyrir tegundir sem eru ekki lengur til í landinu, og formaður sagði frá því að það væri á dagskrá stjórnar að fækka tengiliðum. T.d. Puli, Malinois, Berded Collie.

- Stella Sif spurði um bæklinga sem vöru útbúnir fyrir Garðheimakynninguna til upplýsingar um hundana. En flestir voru sammála um að þeir lentu of margir í ruslinu. Þetta reynist ekki nógu vel, hægt væri að verja peningunum betur.
- Lára spurði um áhuga á deildarsýningu. Hvort áhugi væri á að hafa hlýðni yfir daginn þar sem sýningin er ekki fyrir en seinnipartinn.
- Theodóra spurði um fundargerðir stjórnar. Formaður setur þær á heimasíðuna.

- Lára sagðist vera að borga af heimasíðunni. Ca 60 dollara á ári . Hún ætlaði að athuga þetta og vera í sambandi við gjaldkera um að koma þessu á deildina.
- Rætt var um fleiri tillögur til að fjárafla fyrir deildina. Stella Sif kom með tillögu um að hafa sýningarþjálfun.
- Rætt var um að smala fólki á uppskeru- aðventuhátíðina sem er haldin í lok nóvember. Happadrættið sem er haldið þá er mikilvæg fjárölfunarleið. Á síðastu uppskeruátíð mættu 17 manns og skoraði formaður á deildina að tvöfalda fjölda gesta á hátíðinni í ár.
- Halldóra Anna sagði að það vantaði meiri upplýsingar um sýningarnar fyrir þann sem er að byrja, og hvað verðlaunaborðarnir þýða. Og afhverju hætt hefði verið að afhenda þá. Það var gert í sparnaðarskini. Bent var á að ræktandi sem selur hvolp aðstoðar hvolpakaupanda sínum um þetta.

Fundi var slitið um kl. 21:30

Fundarritari.

Svanborg Magnúsdóttir.